

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til hinn 11. júní 2006 við sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar, í umdæmi sýslumannsins á Siglufirði, og Ólafsfjarðarbæjar, í umdæmi sýslumannsins á Ólafsfirði, í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 210/2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Fjallabyggð.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. júlí 2006.

Magnús Stefánsson.

Sesselja Árnadóttir.